1875

á hús í hinum íslenzku kaupstöðum og verzlunarstöðum, og ef til vill þar að auki tekjuskatt samkvæmt því, er í þessu tilliti nákvæmar myndi verða fyrir mælt. **93** 10da nóvbr.

Í sambandi við það skal nefndin segja álit sitt um þá spurningu, hvort það eigi að leiða af breytingu skattalaganna, að jarðamatið þegar nú verði endurskoðað, þrátt fyrir það, að frestar sá, sem í þessu tilliti er ákveðinn í tilskipun frá 1. apríl 1861 sje enn ekki liðinn, og ef þetta reynist, hvort framkvæmdarstjórnin geti undirbúið slíka endurskoðun, eða hvort nauðsynlegt sje að hafa lagaheimild til þess.

Með tilliti til gjaldheimtanna skal nefndin hugleiða, hverjar breytingar á þeim sjeu nauðsynlegar, einkum hvort ljensstjórn sú, sem nú er, eigi ekki að hætta, og gjaldþegnar greiða gjöld sín beinlínis í landssjóðinn; en sýslumenn þeir, sem nú hafa gjöld landssjóðsins að ljeni, fái árlegt endurgjald fyrir þau. Í sambandi við það mun nefndin þá fá tækifæri til að íhuga, hvert ekki skuli fullgera þessa breytingu á launahögum sýslumanna, einkum þannig að þeir fái föst laun.

Með því að loksins sú ósk hefur komið fram á alþingi því, sem átt var síðastliðið sumar, að nefndin hugleiddi, hvort eigi væri ástæða til að breyta fyrirkomulaginu á umboðsstjórninni á konungsjörðunum, mun ráðgjafinn, þó spurning þessi standi í lausu sambandi við skattamálið, samt með tilliti til þess, að álíta má breytingu á þessu æskilega, ekki hafa neitt á móti því, að nefndin taki þetta mál til meðferðar.

Brjef ráðgjafa konungs fyrir Ísland (til landshöfðingja). **94** 10da nóvbr.

Með þóknanlegum brjefum frá 1. og 2. september síðastliðnum hafið þjer herra landshöfðingi sent hingað 3 allraþegnsamlegust ávörp, sem hið sameinaða alþingi hefur samþykkt um fjárkláðamálið, gufuskipsferðir með fram ströndum Íslands og vitabyggingu á Reykjanesi.

Fyrir því skal yður þjónustusamlega tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar í stjórnartíðindum, að með því að 21. grein stjórnarskrárinnar leyfir ekki hinu sameinaða alþingi, en að eins hvorri þingdeildinni um sig að senda konungi ávörp, hefur eigi mátt bera þessi 3 ávörp undir allrahæstan úrskurð hans hátignar konungsins. En eins og getið hefur verið við hans hátign um tvö hin fyrstnefndu ávörp, hið fyrstnefnda ávarp, þá er frumvarp alþingis til laga um útrýmingu fjárkláðans á Suðurlandi var borið upp fyrir konungi, og um annað ávarpið, þá er ráðgjafinn lagði það til, að fjárlögin fyrir 1876 og 1877 yrðu staðfest með samþykki konungs — þannig hefur ráðgjafinn byrjað brjefaskriptir við innanríkisstjórnina og flotastjórn ríkisins um gufuskipsferðir meðfram ströndum Íslands og um vitabyggingu á Reykjanesi.

Brjef ráðgjafa konungs fyrir Ísland (til landshöfðingja). **95** 10da nóvbr.

Samkvæmt allraþegnsamlegustum tillögum ráðgjafans, er gjörðar voru, eptir að þóknanlegt brjef herra landshöfðingjans frá 3. septbr þ. á. var meðtekið, hefur með konungsúrskurði frá 29. f. m. allramildilegast verið samþykkt, að sett verði 5 manna nefnd til að hugleiða barnauppfræðinguna og skólamálin á Íslandi og, ef hagkvæmt þykir, semja frumvarp til laga um skipun þessara mála.

Um leið og þetta er tjáð yður, herra landshöfðingi, til þóknanlegrar leiðbeiningar, skal yður veitt umboð til að fela þetta ætlunarverk á hendur nefnd, sem þessir menn fái sæti í: biskup dr. theol. Pjetur Pjetursson, og skal hann vera formaður nefndarinnar, prófastur alþingismaður Þórarinn Böðvarsson, rektor hins lærða skóla í Reykjavík Jón Þorkelsson, alþingismaður dr. phil. Grímur Thomsen og yfirkennari barnaskólans í Reykjavík Helgi Helgesen, og ef nokkur af þessum mönnum skyldi skorast undan að taka að sjer